

**Námsvísir í Hönnun og smíði í 7.bekk**

Kennari:	Sesselja Guðmundsdóttir
Tímafjöldi	80 mínútur á viku, eina önn
Grunnbættir menntunar	Sköpun; ígrundun, gagnrýnin hugsun, sjálfsmat, hönnun, lausnaleit, Læsi; lesskilningur (verklýsingar), orðaforði, hugtakaskilningur, ritun (verklýsingar), Jafnrétti; kynjajafnrétti, umburðarlyndi, Heilbrigði og velferð; útikennsla, samvinna, virðing, sköpun, öryggi á vinnusvæði Lýðræði og mannréttindi; valverkefni, virðing, ábyrgð Sjálfbærni; virðing, nýtni
Lykilhæfni	Tjáning og miðlun Við lok skólaárs getur nemandi tekið mið af og lagað framsetningu sína að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengjast umfjöllunarefni hverju sinni; gert vel grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni Skapandi og gagnrýnin hugsun Við lok skólaárs getur nemandi spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna; skilgreint viðmið um árangur; lært af mistökum og nýtt sér niðurstöður við lausn verkefna; áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum; vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinna hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt Sjálfstæði og samvinna Við lok skólaárs getur nemandi gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það; gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði af efla og byggja upp sjálfsmynd sína; tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt Ábyrgð og mat á eigin námi Við lok skólaárs getur nemandi gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér þá í námi; sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim; skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár
Kennsluaðferðir	Sýnikennsla, samvinnunám, verkefnavinna.
Hæfniviðmið úr námskrá	Nemandi: Getur valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki Getur gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni



	Getur útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu Getur lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð. Getur valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum Getur útfært eigin lausn á gefnu "hönnunarvandamáli" Getur gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni Getur valið viðeigandi hlífðarbúnað og notar hann rétt Notar og getur útskýrt réttar vinnustellingar Getur gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. Sýnir ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. Getur lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
Námsmat	Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf meðan unnið er. Gátlistar tengdir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og markmiðum fyrir hvern nemanda.  Framúrskarandi  Hæfni náð  Á góðri leið  Þarfnast þjálfunar  Hæfni ekki náð

Kennsluáætlunin er lifandi skjal og getur tekið breytingum á skólaárinu.

Tímabil	Námsþáttur og námsefni	Hæfniviðmið
Vikur 1 - 6	Útsögun, öryggisatriði við sögun, hreyfanlegir hlutir, samsetningar, efnisfræði. Val um að búa til flugvél eða fugl með hreyfanlegum hlutum.	• Getur valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki • Getur gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni • Getur gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. • Sýnir ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. • Getur lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
Vikur 7 - 11	Valverkefni. Nemendur hanna eigin verkefni og velja hvernig þeir sýna að hæfniviðmiðum sé	• Getur útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu



	náð.	• Getur lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð. • Getur valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum • Getur útfært eigin lausn á gefnu "hönnunarvandamáli" • Getur gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni • Getur valið viðeigandi hlífðarbúnað og notar hann rétt • Notar og getur útskýrt réttar vinnustellingar
--	------	--